



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ
Laugardalur Sport Center
Engjavegur 6, 2nd floor
104 Reykjavík, Iceland
+354 514-4100
kki@kki.is

15. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2025 - 2027

Mánudagurinn 13. apríl 2026 kl. 17:00 – Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Mætt til fundar: Kristinn Albertsson (KA) formaður sem stýrir fundi, Herbert Arnarson (HA) varaformaður, Einar Hannesson (EH) gjaldkeri, Jón Bender (JB) sem fór af fundi 18:05, Sigríður Sigurðardóttir (SS), Ágúst Angantýsson (ÁA), Margrét Kara Sturludóttir (MKS) og Hugi Halldórsson (HH)

Forföll boðaði: Heiðrún Kristmundsdóttir (HK),

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta ekki ennþá verið send eða birt á kki.is

2. Yfirferð framkvæmdastjóra á ýmsum málum

HSJ fór yfir mál til upplýsinga.

3. Markaðs-og kynningarfulltrúi

Ingvar Örn Ákason hefur verið ráðinn í nýtt stöðugildi á skrifstofu sambandsins sem markaðs-og kynningarfulltrúi, hann hefur störf á skrifstofunni í maí.

4. Keppnisdagatal 2026/2027

Farið yfir keppnisdagatal 2026/2027. Það er orðið ansi erfitt að koma öllum leikjum og mótum fyrir, hugsanlega er kominn tími til að endurhugsa mótahaldið almennt. Góðar umræður og ýmis mál tengd mótahaldinu rædd.

Rætt var um mögulegt hraðmót efstu deildar liða sem gæti farið fram í desember ár hvert. Áhugaverð hugmynd en stjórnin taldi skynsamlegt að bíða með það, bæði undirbúa og ræða betur og hugsanlega stefna á slíkt mót í desember 2027 Eftir samskipti við öll félögin í Bónus deildunum var ákveðið að hafa eina umferð í Bónus deild karla milli jóla-og nýárs á næsta keppnistímabili.

5. Málefni erlendra leikmanna

Tekið var til umræðu hvort breyti ætti reglum um fjölda erlendra leikmanna. Hvort fækka ætti fjölda erlendra leikmanna úr hámarki fjórum í þrjá á næsta keppnistímabili

Mjög miklar umræður voru um málið. Mikill meirihluti stjórnar vill hafa regluna óbreytta á næsta keppnistímabili og því engar breytingar gerðar.

6. Kynningar/upplýsingar frá nefndum

Farið yfir starf nefnda

7. Fundarplan fram að næsta Körfuknattleikspingi

Farið yfir fundarplan stjórnar fram að næsta Körfuknattleikspingi sem áætlað er að fari fram 3. apríl 2027 en dagsetning þings mun ekki liggja ljóst fyrir fyrr en vinnu við keppnisdagatal er lokið.

8. Næst stjórnarfundur

Næsti fundur verður miðvikudaginn 6. maí

9. Önnur mál

Fundi slitið kl.19.15